
Bragi Ásgeirsson skrifar:

Athyglisvert framtak



HAUSTIÐ 1970 stofnuðu nokkrir ungir menn áhugamannaklúbb, sem að þeirra eigin sögn hafði það eina markmið, að taka upp tíma, sem Æskulýðsráð Reykjavíkur afhenti Félagi áhugaljósmyndara til ráðstöfunar. Eftir kynni við Gunnar Hannesson, hinn kunna ljósmyndara, réðust þeir í að setja upp sýningu haustið 1971, þessa sýningu skoðaði ég og er hún mér enn í ferska minni sökum fríska leika og þeirrar augljósu ánægju, sem höfundar myndanna virtust hafa af iðju sinni svo vegna hins sérstaka háttar, sem þeir nálguðust verkefni sín.

Nú eru þessir sömu ungu menn á ferðinni aftur og láta sér ekki um muna, að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur, hafa lagt undir sig allt myndlistarhúsið á Miklatúni, veglegustu sýningarsali höfuðborgarinnar og fengið til liðs við sig hollvin sinn og hvata, fyrrnefndan Gunnar Hannesson. Hinir djarftæku ungu áhugaljósmyndarar, sem hér eru til umræðu, nefnast Pétur Þ. Maack, Skúli Þór Magnússon, Kjartan B. Kristjánsson, Jón Olafsson, Gunnar S. Guðmundsson og Karl G. Jeppesen, sem kemur í stað Ólafs M. Hákonarsonar, en það er eina breytingin, sem orðið hefur á mannskapnum í klúbnum frá upphafi. Það er rétt stefna að halda fast við ákvðna, takmarkaða tölu félaga og einnig rétt, að erfitt er að bæta sífellt inn mönnum, því að þá vill starfið verða eilíft byrjunarstarf og sífellt stríð við keimlík vandamál í stað markvissrar þróunar. Reynslan sýnir, að heilbrigðara er að hafa marga smáhópa (grúbbur) þegar um slíka hópvinnu er að ræða, en svo ein sterk heildarsamtök, sem sjá um stjórnsýslu og að miðla reynslu og þekkingu á milli hinna einstöku hópa.

Það er skemmst frá að segja, að ég hafði mikla ánægju af að skoða þessa sýningu og ýmsar myndanna höfðuðu sterkt til mín og eitt var það, sem strax vakti athygli mína en það var vandvirkni í vinnubrögðum og hnökralaus frágangur mynda, en þetta eru einmitt mikilvæg atriði, sem vilja vefjast fyrir mörgum byrjendunum, — hér hefur grunnurinn sem sagt verið rétt lagður. Máski er það þversögn, að vera hér að tala um byrjendur og til að rétt sé skilið vil ég taka það fram, að ég á við, að stutt er síðan þessir menn hófu samstarf en síður en svo að neinn byrjendabragur sé á myndum þeirra. Það kemur mér einmitt þvert á móti á óvart hve margt er af skemmtilegum myndum á sýningunni og hvað þeir hafa ósjaldan náð að vinna mikið úr viðfangsefnum sínum og einnig hve viðfangsefni þeirra eru fjölbreytt og fordómaleysið áberandi. Þeir eru þannig ekki bundnir því, að kynna einhverja ákveðna stefnu, hvorki á pólitískum né fagurfræðilegum vettvangi, heldur er það sjálf kvika lífsins, sem er þeir kveikja og yrkisefni.

Skilin milli ljósmyndar og málverks hafa sífellt verið að minnka á undanförnum árum, myndlistarmenn nota sér í vaxandi mæli ljósmyndavélina og hliðartæki hennar í gerð myndlistarverka, og optískra atriða, sem má rekja til áhrifa frá ljósopinu, sér oft stað í nútíma myndlistarverkum. Við gátum til að mynda greinilega séð þess stað í þremur nýafstöðnum sýningum en þó á mjög mismunandi hátt og á ég hér við sýningar þeirra Tryggva Ólafssonar, Hrings Jóhannessonar og Sverris Haraldssonar, en á þeim öllum mátti greina skýr optísk atriði í myndunum. Ýmsum fordómum hefur þarmeð verið rutt úr vegi í samskiptum ljósmyndavélar og málverks og er það allt í rétta átt, en hins vegar verður að taka það með í reikninginn, að hér er einungis um eitt atriði af mörgum að ræða en engin allsherjar stefna né algild lausn.

Sjálf ljósmyndin hefur einnig margt að sækja í smiðju formtilrauna myndlistarinnar og sér þess t.d. of vel stað á umræddri sýningu til þess, að um tilviljun geti verið að ræða þótt stundum geti sjálfsagt verið um ómeðvituð viðbrögð að ræða, en allavega er ávinningur af slíkum vinnu brögðum. Tilfinningin fyrir myndbyggingu, stemningu, framsetningu og miðlun skilar sér ósjaldan furðu þroskuð til skoðandans, þannig að hann á sjálfsagt erfitt með að sætta sig við, að hér sé um áhugafólk að ræða en ekki æfða atvinnumenn. Þetta gerir það einnig að verkum að rýnirinn, í þessu tilviki ég, á nokkuð erfitt með að finna fast undir fót varðandi dóm um einstakar myndir, svo er það líka annað, að myndirnar eru hvort tveggja ónúmer aðar sem ónafngreindar og þao gerir verkefnið ennþá erfiðara viðfangs. Margar myndanna á sýningunni kalla einmitt eftir nafni, sem lið í myndskýringu eða sem skemmtilega viðbót en svo er hins vegar ekki að neita, að margar aðrar mega vel vera nafnlausar því að þær eru fyrst og fremst ljósmyndræn atriði.

Því fer fjarri, að allar myndirnar séu jafngóðar, myndsýn höfunda jafn hnitmiðuð og markviss, en allir eiga ágæt verk á sýningunni og mega vera mjög hressir út af útkomunni. Þá ætti almenningur einmitt að hafa mikið gagn og mikinn fróðleik af að sækja sýninguna heim, því að þar er ekki einasta margt skemmtilegt að sjá heldur er sýningin einnig lifandi vitni um árangur af heilbrigðri og menntandi iðju.

Þáttur Gunnars Hannessonar á sýningunni er drjúgur, en hann hefur lagt undir sig allan Kjarvalssal þar sem skuggamyndavélar sýna án afláts litskuggamyndir á sjö misstórum tjöldum. Margt af þessum litmyndum Gunnars eru einstaklega vel teknar og sumar í algjörum sérflokki, enda virðist maðurinn óþreytandi við að leita uppi sérkennileg viðfangsefni og hafa skilning á því, sem máli skiptir og næmt auga. Margt myndanna heyra miklu frekar undir formfræði en ljósmyndun í almennum skilningi og þá er iðjan orðin að sjónlist í víðri merkingu þessa orðs og ljósmyndarinn kominn í ríki þess að uppgötva og upplifa, þannig að hið ómerkilegasta atriði í náttúrunni getur orðið að þýðingar- og hrifmiklu formi.

Ég þakka svo öllum aðilum fyrir framtakið og hvet almenning til að fjölmenna á sýninguna.



Kristinboðsdagurinn

11. nóvember 1973

„Af hverju komuð þið ekki fyrr?“ spurði ungur heiðingi kristniboða, sem fyrstur heimsótti þorpið hans og boðaði fagnaðarerindið. Það var ásökun í röddinni. „Hér höfum við lifað mann fram af manni í neyð og myrkri og dáið í angist og óvissu, — og svo hafið þið þekkt þennan undursamlega boðskap um Jesúm Krist áratugum saman án þess að koma og segja okkur frá honum.“ Gefur þetta tilefni til að ætla, að heiðinginn lifi sæll í sinni trú, — eða finnst ykkur það rökstyðja álit þeirra, sem segja, að kristniboð sé óþarft?


Fyrstu íslenzku kristniboðarnir fóru til Eþíópíu á vegum Sambands íslenzkra kristniboðsfélaga fyrir 20 árum og reistu kristniboðsstöð í Konsó. Stöðin er miðstöð kristilega starfsins í héraðinu og fjölmargir leita þangað sér til hjálpar á ýmsa lund.

Börn og unglingar þyrpast að skólanum, en vegna fjarlægðar þyrftu miklu fleiri en nú er rúm fyrir, að geta fengið bústað á heimavist. Skólastarfið er ómetanlegt. Menntunin lyftir fólkinu þjóðfélagslega, og úr skólanum koma margir, sem síðar verða fræðarar og forystumenn í söfnuðinum. Auk skólans á stöðinni eru reknir 10 dagskólar og 45 kvöldskólar víðs vegar í héraðinu. Rík áherzla er lögð á kristnifræðikennslu í öllum þessum skólum.

Alls kyns sjúkdómar og líkamleg neyð hrjáir frumstæða þjóð í landi þar sem heiðin trúarbrögð hafa haldið fólkinu í járngreipum ótta og kúgunar. Þessa byrði hefur sjúkraskýlið í Konsó létt fólkinu verulega. Viss dauði beið margra, en hjálpandi hendur og rétt meðul urðu til bjargar. Lítill krankleiki verður oft upphaf langrar þrautagöngu fyrir heiðingjann. Særingamenn þeirra krefjast bæði peninga og fórnardýra, en við böli sjúklingsins eiga þeir sjaldnast bót.

Safnaðarstarfið er orðið umfangsmikið og krefst síaukinna starfskrafta. Vöntun á starfsfólki hefur ekki verið aðalvandamálið, heldur hitt að sjá fyrir launum og starfsskilyrðum. En þeir eru líka ófáir sjálfboðaliðarnir ungu og eldri, sem fúsir leggja land undir fót til að flytja meðbræðrum sínum og systrum fagnaðarerindið. Sjálfir þekkja þeir það myrkur og sáru hjartans neyð, sem þjáir heiðingja, — þess

Framhald á bls. 23





Þröngt á þingi fyrir framan sjúkraskýlið
Móðir og sonur — Pilturinn illa farinn af næringarskorti og sjúkdómum.